

Fundur í samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn 30. September 2013, kl. 10.30, fundurinn haldinn í síma.

Mætt voru Sigurður Pétursson, formaður, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðbrandur Sverrisson og Gústaf Jökull Ólafsson. Formaður kynnti að Elías Jónatansson hefði boðað forföll.

1. Tillaga að ályktun um samgöngumál lögð fyrir Fjórðungsþing.

Formaður lagði fram drög að ályktun um samgöngumál sem lögð verði fyrir 58. Fjórðungsþing Vestfirðinga, sem haldið verður þann 11. og 12. október nk. Farið yfir efni ályktunar þar sem fjallað er um forgangs röðun í landsamgöngum, flugmálum, fjarskiptum og strandsiglingum. Efni ályktunar samþykkt og vísast til stjórnar FV.

2. Skýrsla samgöngunefndar.

Formaður kynnti drög að skýrslu samgöngunefndar sem lögð verður fram á 58. Fjórðungsþingi. Farið yfir efni skýrslunnar og samþykkt að nefndarmenn sendi formanni ábendingar í ljósi umræðu.

3. Breytingar á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Formaður kynnti tillögu að breytingu á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga er varðar kjör fastanefnda FV. Tillagan gerir ráð fyrir að þingið kjósi nú fimm nefndarmenn og kjósi einnig um formann nefndarinnar sem jafnframt eigi sæti í stjórn FV. Núverandi fyrirkomulag er að kosnir eru fjórir nefndarmenn og að stjórn FV skipar þann fimmta úr sínum röðum.

4. Almenningsamgöngur.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu sameiginlegs verkefnis landshlutassamtaka sveitarfélaga (SSV, FV, SSVN og Eyþing) um almenningsamgöngur innan þeirra og tengingu við höfuðborgarsvæðið. Tap var á fyrstu rekstarmánuðum haustið 2012 en eftir áramót hefur rekstur verið í jafnvægi en áætlanir gerðu ráð fyrir hagnaði. Tillaga um greiðslu þessa taps er nú til umræðu þar af er hlutur FV um 1 m.kr. Í annan stað þurfa samstarfsaðilar að gera tillögu um nýtt fyrirkomulag á akstri og hækkun fargjalda, til að ná fram eðlilegum hagnaði af þessu rekstri. Hagnaði yrði fyrst ráðstafað á móti uppsöfnuðu tapi.

Guðbrandur Sverrisson, vék af fundi.

5. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um að FV stæði fyrir boðun fundar með Byggðastofnun, Vegagerð, Skipulagsstofnun og sveitarfélögum og FV, til að fara yfir stöðu tillögu til umhverfismats vegna vegagerðar í Gufudalssveit. En Skipulagsstofnun hefur með bréfi frá í sumar hafnað að leið B1 verði hluti af þessu umhverfismati. Brýnt er að fá málið aftur í gang og skoða sérstaklega mat á samfélagslegum áhrifum þessara vegagerðar.

Samgöngunefnd styður þessa tillögu og leggur til við stjórn FV að hún sé samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45